

Kirkjugarður Akraness

Erindi flutt á aðalfundi KGSÍ sem haldinn var á Hótel Laka við Kirkjubæjarklaustur 12. maí 2012

Mig langar í örfáum orðum að deila með ykkur hvernig starf mitt hjá kirkjugarðinum á Akranesi gengur stundum fyrir sig. En áður en ég byrja á því ætla ég að segja í nokkrum orðum frá upphafi kirkjugarðs á Akranesi og hvernig hann er í dag.

Þegar fyrir lá að byggja nýja kirkju á Skipaskaga í kringum 1894, höfðu menn ekki endanlega gert upp við sig hvort leggja ætti af kirkjugarðinn í Görðum og gera ráð fyrir nýjum garði sem næst hinni nýju kirkju. En um leið og ákveðið var að kirkjan skyldi reist á þeim stað sem hún er á í dag var sjálfkrafa úthýst þeim möguleika að grafreitur yrði umhverfis kirkjuna, en að hann skyldi eftirleiðis verða í Görðum. Vafalítið hafa að þeirri ákvörðun hnigið tilfinningaleg rök Skagamanna. Forfeður þeirra höfðu um aldir jarðsett sína nánustu í þessum grafreit og þeir vildu ógjarnan breyta til.

Akraneskirkja var vígð 23. ágúst árið 1896 og er hún því 116 ára á þessu ári.

Kirkjugarðurinn, sem eins og fram hefur komið er á allt öðrum stað í bænum, er í dag hátt í 30.000 fermetrar að flatarmáli.

Á aðalsafnaðarfundi 6. febrúar 1909 var kjörin sérstök nefnd til ráðslags við sóknarnefnd um stækkun og færslu kirkjugarðsins og voru þær framkvæmdir gerðar árið 1910.

Vorið 1911 var garðurinn síðan girtur. Fram kemur í lýsingu að þá hafi stærð hans verið 35 faðmar á lengd og 7 faðmar á breidd eða aðeins um 820 ferm. sem nú samsvarar þökkalegri einbýlishúsalóð.

Á safnaðarfundi 25. mars 1925 hófust umræður um ráðningu umsjónarmanns með kirkjugarðinum og betri skipulagningu á grafarstæðum. Fyrsta líkvagninn eignaðist söfnuðurinn árið 1926. Var það hestakerra sem Haraldur Böðvarsson útgerðarmaður gaf.

Frá árinu 1925 hefur sú hefð skapast á Akranesi að umsjónarmaður garðsins hefur einnig séð um útfarir og svo er enn þann dag í dag.

Hér má skjóta inní að Garðahúsið sem við sjáum á myndinni er fyrsta steinsteypa íbúðarhúsið sem byggt var á Íslandi með því að slá upp steypumótum. Þar var prestssetur árin 1876-1882 og í dag er þar safn.

Mestallar framkvæmdir í garðinum hafa legið niðri síðustu ár vegna skorts á fjármagni. Þó er núna í vinnslu svæði þar sem við fáum **240** grafir. Það ætti að duga í nokkur ár, en fjöldi útfara á ári eru á bilinu **38-50**. Í dag eru um **2300** nýtt grafarstæði í garðinum. Þessari framkvæmd ætluðum við að ljúka á sl. ári, en urðum að fresta vegna peningaleysis. Vonandi tekst okkur að ljúka verkinu í haust.

Ekkert svæði er í garðinum fyrir duftker og fóstur. Unnið er að því að útbúa slíka reiti, og er það fyrirhugað á svæði sem ætlað var undir grafir. Þegar grafartaka átti að hefjast þar, kom í ljós að klöpp er þar undir og því ekki grafartækt. Því kviknaði sú hugmynd að bæta mold ofan á jarðveginn til að hægt væri að nýta svæðið undir áðurnefndar framkvæmdir. Dýpt niður á klöpp er frá 30 cm niður í 1,30 m.

Það er mikill vilji sóknarnefndarfólks að fá bæjaryfirvöld til að taka enn meiri þátt í skipulagningu garðsins en þeim ber skylda til samk. lögum. Samskiptin þar á milli hafa ekki verið eins góð og við hefðum kosið, **því miður segi ég**. Forsendur fyrir því að garðurinn sé í lagi eru góð samskipti við bæjaryfirvöld. Í okkar tilviki er garðurinn kominn inn í miðju íbúðahverfis og því hef ég haldið fram að þetta sé eitt af grænu svæðunum í bænum sem þurfi að hlúa sérstaklega að, en yfirvöld hafa ekki enn keypt þessa hugmynd.

Minnisvarði og minningarreitur

Minnisvarði og minningarreitur um horfna sæfarendur og aðra þá sem látist hafa en ekki fundist var vígður 5. júní 1995.

Frá því að minnisvarðinn var vígður hefur dagskrá hins árlega hátíðisdags sjómanna á Akranesi hafist með helgistund á þessum stað, þar sem minnst er þeirra sem látið hafa lífið í átökunum við Ægi sækonung.

Minningarsteinn um látin fóstur var settur upp í garðinum í október sl. Gefandi var Oddfellowstúkan Ásgerður á Akranesi.

Umsjónarmaður kirkjugarðs! – Kirkjugarðsvörður

Hvað er nú það? Er það einhver siðgæðisvörður yfir kirkjugarðinum? Þarf að vera einhver sérstakur vörður yfir þessum garði? Er það ekki algjör óþarfi? Svo ótrúlegt sem það nú er, þá hef ég fengið slíkar spurningar. Ég er nokkuð viss um að margir hér inni hafa fengið svipaðar fyrirspurnir.

En þegar maður fer að ræða við fólk þá áttar það sig á að þetta er nú bara heilmikið starf. Eðli málsins samkvæmt er ég í starfi mínu sem kirkjugarðsvörður í mikilli nálægð við aðstandendur, kannski meira en almennt gerist í stærri görðum. Það helgast auðvitað af því að ég gegni einnig starfi útfararstjóra kirkjunnar, þannig að samskiptin eru meiri.

Það þarf að ákvarða hvar leggstæði hins látna er staðsett, útvega kross á leiðið, tyrfa yfir og slétta þegar sá tími kemur o.s.frv. Yfirleitt eru þessi samskipti mjög góð og aðstandendur afar þakklátir fyrir það sem gert er. Þó eru alltaf einhverjir sem taka annan pól í hæðina. T.d. get ég nefnt sem dæmi aðstandanda sem hafði það fyrir sið í mörg ár að kvarta við mig um hversu illa leiði sonar hans væri hirt og fór hann meira að segja fram á að við hættum að slá það. Alltaf hótaði hann því að siga á okkur blaðamönnum til að mynda verknaðinn og skrifa um hversu illa garðurinn væri hirtur. Eitt föstudagskvöld þegar ég var að leggja af stað í sumarþústaðinn átti ég leið um garðinn. Og viti menn. Þar var hinn umtalaði maður og auðvitað rauk hann á mig og jós úr skálum reiði sinnar. Þegar hann hafði lokið sér af sagði ég við hann:

Það væri mjög gott ef þú kæmir með fjölmiðlafólkið á mánudagsmorgun. Þá skal ég vera hér og þú skalt endilega biðja þau um að mynda garðinn, svo allir landsmenn geti nú séð um hvað er að ræða. - Ekki kom hann þó umræddan mánudagsmorgun eins og ég hafði boðið honum, og það allra merkilegasta er að hann hefur aldrei síðan minnst á að leiði sonarins væri illa hirt. Fjögur ár eru síðan þetta gerðist.

Já, svona geta nú hlutirnir gerst **og gerast**. Oft þarf sem sagt að sýna þolinmæði í kirkjugörðunum, því þar kemur fólk í allskonar ástandi og við

þurfum að geta brugðist við því í hvert sinn, ekkert tilvika er eins. Reyndar veit ég að allsstaðar er sýnd þolinmæði, en oft reynir á.

Vinna í kirkjugarði byggist á mannlegum samskiptum. Þegar ungmennin sem vinna hjá okkur yfir sumartímann hefja störf að vori, þá er það mitt fyrsta verk að ræða við þau og gera þeim grein fyrir að þau séu **ekki** að vinna á venjulegum vinnustað, heldur séu þau að vinna á helgum stað þar sem virðing sé borin fyrir öllu sem gerist innan girðingar garðsins. Einnig legg ég ríka áherslu á við starfsfólkið að það sé ekki að ræða útfra um hluti sem það verður vitni að í garðinum.

Yfir sumartímann höfum við samið við verktaka. Hjá honum starfa 5 unglingar við slátt og hirðingu. Einnig starfar hjá okkur garðyrkjumaður 3 mánuði yfir sumartímann. Hann sér m.a. um að lagfæra leiði og setja niður og sjá um sumarblóm fyrir aðstandendur. Fyrir þessa vinnu erum við að greiða rúmar 6 Mkr.

Við höfum blessunarlega að mestu verið laus við skemmdarverk, en um sl. páska voru þó brotnir nokkrir krossar á leiðum. Alltaf verður maður jafn hissa á að fólk skuli geta gert þetta.

Fyrir stuttu upplifði ég undarlegan hlut. Inni í garðinum hjá okkur eru nokkur bílhlöss af mól sem við ætlum að nota í stígagerð. Fólk kom inn í garðinn að kvöldi til á bíl **og tók sér án leyfis** mól í kerru og fór með heim. Það er alveg með ólíkindum að fólk skuli hafa samvisku til að gera slíka hluti í friðhelgum kirkjugarði. Já, svona er Ísland í dag...

Stórt vandamál hjá okkur á Skaganum er akstur um garðinn. Fólk getur ekið um hann að hluta til, en á kvöldin er hliði lokað kl. 22 og ekki opnað fyrr en kl. 8 að morgni. Þrátt fyrir að við óskum eftir að umferð sé í lágmarki er hún gríðarlega mikil og tillitssemi er eitthvað sem fólk veit ekki hvað er. T.d. höfum við oft lent í því að ekið er yfir leiði og ekki er verið að láta okkur vita. Þannig háttar til að ég bý rétt við garðinn og sé út um eldhúsgluggan þangað. Nokkrum sinnum hef ég séð slík tilþrif og þá hleyp ég uppeftir og tek menn í landhelgi ef svo má segja. En viðbrögðin eru afar misjöfn hjá þeim sem lent hafa í þessum hremmingum. Það er ótrúlegt að fólk geri svona hluti. – Ef til vill eru það mistök að leyfa umferð um garðinn, en haldi áfram sem horfir þarf kirkjugarðsstjórn væntanlega að endurskoða hvort takmarka eigi enn frekar bílaumferð.

Þrátt fyrir ýmsar leiðinda upptákomur, er hrósið fyrir góða vinnu og vel hirtan garð miklu oftar notað en reiðin. T.d. er óskaplega notalegt þegar fólk kemur í garðinn eða hringir á skrifstofuna eingöngu til að þakka fyrir snyrtilega umgengni, fallegan garð og vel unnin störf. Slíkt yljær manni virkilega um hjartarætur.

Á stað eins og Akranesi, þar sem íbúar eru u.þ.b. 6.500, þá er það nú þannig að persónuleg samskipti eru mikil, mjög margir þekkja mig, fólk hringir jafnvel heim til að ræða hluti sem því liggur á hjarta varðandi kirkjugarðinn, og það er ekki verið að velta fyrir sér hvaða dagur er, eða hvað klukkan er. Svona er návígið mikið við bæjarbúa. – Já, hverjum finnst eflaust sinn garður fallegastur. Ég er mjög stoltur af okkar garði og veit að margir Skagamenn eru mér sammála.

Þá langar mig að segja frá því hér í innskoti, að við erum í góðu sambandi við Kirkjugarðana í Reykjavík, stjórnendur þar eru alltaf boðnir og búnir að leysa úr okkar vanda ef með þarf, enda eru það Skagamenn sem ráða ríkjum í garðyrkjudeildinni, þeir Þorgeir Adamsson og Heimir Janusarson. Til gamans og fróðleiks má geta þess að á árum áður lærði Heimir hjá mér setningu, sem í dag heitir að vera prentsmiður, en ég rak einmitt fyrirtækið Prentverk Akraness í rúm 30 ár áður en ég hóf störf hjá kirkjunni. Heimir er semsagt prentsmiður ásamt því að vera garðyrkjufræðingur.

Rekstur garðanna undanfarin ár hefur verið mjög erfiður. Ástandið hjá okkur á Akranesi er ekkert öðruvísi en annars staðar á landinu. - Það er einfaldlega þannig að allar framkvæmdir eru á **Hold** eins og sagt er. Hvaða skilaboð eru stjórnvöld að senda til okkar?

Verðum við að draga enn frekar úr umhirðu, slá 3 sinnum yfir sumarið í stað 6 sinnum svo dæmi sé tekið. Hvernig taka aðstendendur slíku? Ekki vel, það er alveg ljóst. Nei, svona lagað er þeim sem ákvarða tekjurnar ekki til sóma. Hjá okkur hafa tvö síðustu ár verið mjög erfið, garðurinn rekinn svo að segja á 0 og engar framkvæmdir. Til lengri tíma gengur þetta alls ekki. Hjá okkur á Akranesi hefur þetta haft veruleg áhrif á nýframkvæmdir. Tekjur garðsins árið 2011 voru **16,7** milljónir á móti **18,6** milljónum árið 2010. Samdráttur um 2 Mkr. Og munar um minna

Af framansögðum hugleiðingum má ljóst vera, að starf umsjónarmanns kirkjugarðs er töluvert og oft á tíðum vanmetið. Ótal verkefni dúkka upp sem þarf að leysa. Það getur verið mikið andlegt álag sem fylgir starfinu og oft meira en æskilegt getur talist. Margir sem ekki þekkja til halda að við sitjum bara við símann og bíðum eftir að hann hringi, en það er aldeilis ekki svo.

Hvað er það besta við starfið/störfin?

Þegar stórt er spurt verður oft fátta um svör. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga fyrir kirkjulegu starfi, allt frá því að ég var lítill drengur og fór með ömmu minni og afa, sem var organisti og sóknarnefndarmaður í kirkju á hverjum sunnudegi. Mér finnst að öll störfín sem ég hefi talið upp eigi vel við mig, hvert á sinn hátt. Mér líður vel og eins og ég sagði áður, þá er fólk almennt jákvætt og þakklátt fyrir það sem maður gerir. Það er stórkostleg upplifun og fær mann til að trúa að maður sé einhvers virði.

(Hér komi mynd af klukkuturninum í Görðum. Það er auðvelt að breyta myndum í Photoshop)

Að loknum þessu fátæklegu orðum mínum vil ég segja, að með stofnun KGSÍ á sínum tíma urðu straumhvörf í samskiptum kirkjugarða og ríkisins. Ef sambandið hefði ekki verið stofnað væri margt öðruvísi í dag. Ég hef átt þess kost að sitja í varastjórn sambandsins í nokkur ár og það er stórkostlegt að fylgjast með hverju þeir félagar Þórsteinn, Guðmundur og Smári hafa fengið áorkað á þessum tíma þrátt fyrir ýmsa erfiðleika í samskiptum við kerfið. Þeir leggja sig alla fram í störfum sínum fyrir sambandið. Það er alveg til fyrirmyndar og ég er ekki viss um að þingfulltrúar hér geri sér almennt grein fyrir þessu mikla og góða starfi þeirra.

Kærar þakkir fyrir gott hljóð.

